



Auður Óskarsdóttir Andreasen
MS-ritgerð: Development of vaginal suppositories containing lipids with antimicrobial effects

Höfundur: Auður Óskarsdóttir fæddist þann 25. maí 1995 í Reykjavík en ólst upp á Selfossi. Foreldrar hennar eru Óskar Helgi Andreasen og Svanlaug Kjartansdóttir og maki hennar er Andri Þór Sveinsson. Auður lauk stúdentsprófi af náttúrufræðibraut frá Fjölbrautarskóla Suðurlands árið 2014 og hóf nám í lyfjafræði við Háskóla Íslands árið 2016. Auður hefur unnið hjá Lyfju samhliða námi síðan 2017 og ætlar að halda áfram að starfa hjá Lyfju eftir útskrift.



Stuttur útdráttur úr ritgerð: Mónókaprín og mónólárín eru fitusýrur sem hafa sýnt virkni gegn ýmsum örverum, til dæmis bakteríum, vírusum og sveppum. Verkunarmáti þeirra er ólíkur hefðbundinna sýklalyfja, þar sem þau leysa upp hjúp örveranna og drepa þannig sýkingavaldinn. Legganastílar eru algengasta lyfjaformið sem er notað í leggöng og eru almennt notaðir fyrir staðbundna meðhöndlun. Markmið rannsóknarinnar var að útbúa leggangastíla með fitusýrunum mónókapríni og mónóláríni. Mónókaprín og mónólárín eru óstöðugar í lausn svo meginpartur verkefnisins fór í að þróa stöðuga formúleringu. Tuttugu og ein formúlering voru útbúnar og fjórar af þeim voru valdar til frekari prófanna. Niðurstöður þessa verkefnis gefa til kynna að það sé hægt að útbúa stöðuga leggangastíla með mónókapríni og mónóláríni en frekari þróunar og prófanna er þörf.